

Hr. Einar Jónsson, sviðsstjóri

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166

105 Reykjavík

Tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Stjórn Fjallskilaneftndar Fljótshlíðar samþykkti á fundi sínum 10. febrúar að senda eftirfarandi athugasemdir við tillögu að landsskipulagi 2015-2026.

Skipulag á miðhálandi Íslands.

Inngangskafli.

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúrugildis og mikilvægis fyrir ferðapjónustuna og útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Það verður að teljast mjög óeðlilegt að ekki sé litið til hagsmuna af beitarnotum sem í dag er mörgum svæðum mjög mikilvæg og á án efa verða enn mikilvægari í framtíðinni. Þá má benda á að nýtingarréttur bænda/landeiganda þar með talinn beitarréttur og eða/veiðiréttur á hálandinu er óbeinn eignarréttur sem staðfestur hefur verið í dómsniðurstöðum. Taka verður tillit til þessara réttinda en það er ekki gert í fyrirbyggjandi tillögum.

Kafli 1.1.2 Skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggja á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins.

Það er með öllu óásættanlegt að skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu eigi að byggja einungis á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins eins og lagt er til í tillögunni. Frekari gögn og skýrar forsendur þurfa að liggja fyrir til að meta sjálfbær not. Á grundvelli skýrra og gagnsærra mælikvarða þarf að koma á reglubundinni vöktun á landi.

Kafli 1.1.3. um hverfisvernd

Það er mat okkar að það sé á engan hátt mögulegt að taka út einhver einstök svæði á afréttum og setja á þau hverfisvernd gagnvart beit. Þetta kallar á óhemjukostnað vegna girðinga, óljóst hver ætti að kosta slíkt og einnig verulegt umhverfiskostnað sem af hlýst.

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðapjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Þarna vantar í upptalninguna á eftir ræktun, búfjárhald með skýrskotum til mikilvægis fyrir beitarnot búfénaðar í dreifbýli.

Kafli 2.6.2 og 2.6.3. Ferðamannaleiðir, skipulag vegslóða

Ferðamannaleiðir taki mið af ferðaleiðum fjár einkum á sleppitíma að vori og við smalanir að hausti. Umferð ferðamanna valdi sem minnst ónæðis fyrir fé í högum t.d. vegna hundahalds, umferð vélknúinna ökutækja og flygilda.

Dreifing ferðamanna, til umhugsunar.

Við lýsum yfir áhyggjum okkar á ásýnd lands og jarðvegsskemda vegna göngustíga. Á síðustu árum hefur orðið orðið mikil aukning á ferðum gönguhópa sem er mjög gott mál en það hefur í för með sér að það hafa myndast mjög svo áberandi (strik) gönguslóðar upp á fjöll og víðar t.d. Dímon, Þríhyrning, Einhyrning og Rjúpnafell allt lítt þekktir staðir. Þetta er lýti á landslagið og með tíð og tíma fer að renna úr þessum stígum og mynda rof eins og víða hefur gerst. Þetta mun kalla á mikla vinnu og útgjöld til að lagfæra svo ekki fari illa, gróðursfarslega séð.

Að lokum viljum við taka fram að við tökum heilshugar undir mikilvægi þess að landnýting sé sjálfbær og hún valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu. Einnig mikilvægi þess að viðhalda samstarfi bænda, Landgræðsu ríkisins og sveitarfélaga sem verið hefur um uppgæðsu og endurreisn landgæða. Á Fljótshlíðarafrétt hafa bændur í góðu samstarfi við Landgræðslu ríkisins og sveitarfélagsins grætt upp nokkur hundruð hektara af gróðursnauðu landi og þar með gert góðan afrétt enn betri. Við bændur lítum svo á að við séum vörslumenn landgæða á afrétti okkar, enda er það okkar hagur og hugsjón að viðhalda fegurð og ásjón landsins.

Fjallskilanevnd Fljótshlíðar

Kristinn Jónsson

Ágúst Jensson

Rúnar Ólafsson